

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 20. nóvember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum (81. mál) og frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (82. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvörp sem fela í sér aukin stuðning við nýsköpunar- og sprotafyrirtæki hérlendis.*

Viðskiptaráð fagnar tilkomu þessara frumvarpa, sem ráðið telur til þess fallin að styrkja starfsemi nýsköpunarfyrirtækja hérlendis og leggja þar með grunn að fjölbreyttara atvinnulífi til lengri tíma.

Til að frumvörpin nái betur tilgangi sínum leggur ráðið hins vegar til að opnað verði fyrir skattaafslátt vegna fjárfestinga í sjóðum eða hlutafélögum sem fjárfesta gagnert í nýsköpunarfyrirtækjum, sem fengið hafa staðfestingu Rannís. Með þessu er fjárfestum gert betur kleift að dreifa áhættu af sínum fjárfestingum, sem stuðlar að öllum líkindum að því að aukið fjármagn fái st. a. m. frá almenningi til reksturs af þessu tagi.

Samhliða þessu mætti auka gegnsæi fjárfestinga skv. frumvarpinu til muna með því að gera skráningu slíkra sjóða á skipulega verðbréfamarkaði að skilyrði. Aukin upplýsingagjöf og gagnsætt regluverk sem skráningu fylgir er grundvallarþáttur fjárfestaverndar, en rík fjárfestavernd er mikilvægur hvati aukinnar fjárfestingar. Að sama skapi mætti gera ríkari kröfur til fyrirtækja sem sækjast eftir staðfestingu Rannís um upplýsingagjöf, en þar vísast til umsagnar NasdaqOMX Ísland um frumvörp þessi.

Þá mætti að mati Viðskiptaráðs heimila einstaklingum að fjárfesta á einu ári fyrir þrefalda þá hámarksupphæð sem frumvarpið kveður á um. Með þessu er opnað fyrir mun veglegri aðkomu einstaklinga að nýsköpunarfyrirtækjum. Önnur atriði í frumvarpinu sem nefna má tengjast hámarks og lágmarksupphæðum einstakra greina, en þar vísast til niðurtaðna Sprotabings sem var haldið fyrir skemmstu.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga og hvetur til þess að ofangreindar athugasemdir verði teknar til umræðu.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs